

Endurskoðunarnefnd
Tjarnargata 12,
101 Reykjavík

Tillaga að breytingu á nafni Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar og endurskoðun á samþykkt

Með bréfi þessu er leitað umsagnar endurskoðunarnefndar um þá tillögu að leggja til við borgarráð að nafni Innri endurskoðunar verði breytt í Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar. Jafnframt að veitt verði umsögn um tillögu að breytingu á samþykkt fyrir innri endurskoðanda og Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar til að afmarka betur verkefnin og grundvöll fyrir nýrri upplýstrunargátt sem fer í loftið á næstu vikum. Vakin er sérstök athygli á því að breytingar á hlutverki innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar sem samþykktar voru 11. júní 2020 kalla á yfirferð á samþykkt endurskoðunarnefndar.

Nafnabreyting

Eftir að tillaga borgarstjóra um sameiningu eftirlitseininganna Innri endurskoðunar, umboðsmanns borgarbúa og persónuverndarfulltrúa var samþykkt í borgarráði hinn 27. febrúar 2020 hófst vinna og undirbúningur sameiningar. Í bókunum við afgreiðslu málsins í borgarráði kom fram vilji til að standa vörð um mismunandi eiginleika og hlutverk eftirlitseininganna þriggja. Bent var á tækifæri til hagræðingar með aukinni samvinnu og jafnframt var bent á einföldun stjórnkerfisins og aukið sjálfstæði eftirlitsaðilanna. Lögð var áhersla á að tryggja að það verði auðvelt og aðgengilegt fyrir borgarbúa að leita til umboðsmanns borgarbúa með sín mál.

Borgarráð samþykkti áætlun um innleiðingu sameiningar í júní 2020. Þar var lagt til að skoða með breytingu á heiti einingarinnar eftir að sameiningin hefur tekið gildi. Nú þegar við höfum starfað saman sem ein sameinuð eftirlitseining um nokkurra mánaða skeið finnum við sterka þörf fyrir að taka upp nýtt nafn sem undirstrikar að við vinnum saman sem ein eining en ekki þrjár ólíkar.

Kallað var eftir tillögum frá öllu starfsfólki og fulltrúum í endurskoðunarnefnd. Komu allmargar tillögur fram en tekin var ákvörðun um ræða sex eftirfarandi í víðtæku samráði við stjórnendur í miðlægni stjórnsýslu:

- ✚ Borgareftirlit og ráðgjöf
- ✚ Borgareftirlitið – innri endurskoðun og ráðgjöf
- ✚ Borgarendurskoðun
- ✚ Borgarráðgjöf og eftirlit
- ✚ Innri endurskoðun og ráðgjöf
- ✚ Ráðgjafar- og eftirlitsstofa Reykjavíkurborgar

Eftir samráðsferli með helstu hagaðilum er niðurstaðan að leggja til að hið nýja nafn sameinaðrar eftirlitseiningar verði **Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar**. Það hefur þá kosti helsta vera samsetning af viðfangsefnum allra eininganna sem voru sameinaðar fyrir ári síðan. Innri endurskoðun hefur sterka skírskotun í viðfangsefnin og er vel þekkt vörumerki. Ráðgjöfin tekur til ráðgjafar á sviði persónuverndar jafnt sem ráðgjafar við borgarbúa. Áfram verður notast við lénið www.innriendurskodun.is og þar verða heimasíður Innri endurskoðunar og Umboðsmanns borgarbúa. sameinaðar. Starfsheiti starfsfólks innan einingarinnar verða óbreytt.

Endurskoðun samþykktar


Tillaga að endurskoðun samþykktar er meðfylgjandi er helstu breytingar er að finna í því að hvert hinna þriggja meginverkefna fær sína umfjöllun í köflum II – IV og að komin er ítarleg umfjöllun um upplýstrunir og aðrar tilkynningar. Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun kveða á um að fyrir slíka starfsemi séu



settar ítarlegar starfsreglur/erindisbréf sem uppfylli nánar tiltekin skilyrði. Slíkar starfsreglur munu verða lagðar fyrir endurskoðunarnefnd til staðfestingar í kjölfar breytinga á núverandi samþykktum Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar.

Í kafla V í tillögu að samþykkt er fjallað um uppljóstrunarmál. Þar segir að Innri endurskoðun og ráðgjöf muni reka sérstaka vefgátt fyrir móttöku uppljóstrana. Sú ráðstöfun kallast á við verklagsreglur mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkur um uppljóstranir og er til þess fallin að auka vernd uppljóstrara og þeirra sem setja fram nafnlausar tilkynningar um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi. Útfærsla samþykktarinnar er þannig að við úrvinnslu mála af því sem tagi sem lög um vernd uppljóstrara fjalla um.

Eftir breytingar á samþykkt Innri endurskoðunar og ráðgjafar verður skipulag verkefna skrifstofunnar með þeim hætti sem greinir hér að neðan. Lögð er áhersla á eftirlit, ráðgjöf og fræðslu en jafnframt að greiða götu borgarbúa, sætta sjónarmið og leiðbeina þeim í samskiptum sínum við borgina.



Þessar breytingar kalla á yfirferð á samþykkt endurskoðunarnefndar sem hefur verið óbreytt frá árinu 2014. Taka þarf tillit til lagabreytinga sem hafa orðið frá þeim tíma sem og útvíkkunar á hlutverki Innri endurskoðunar.

Virðingarfyllst,

Hallur Símonarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar